

# Fundargerð 33. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 29. janúar kl. 10:30 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson boðaði forföll. Tryggvi Þórhallsson tók þátt í umfjöllun um 4. lið.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 1810076SA

Lögð voru fram til umræðu drög að endurskoðuðu erindisbréfi skipulagsmálanefndar. Jafnframt var rætt almennt um hlutverk nefndarinnar og um viðburði framundan hjá sambandinu sem varða málefnasvið nefndarinnar.

Nefndarmenn gera ekki athugasemd við drög að erindisbréfi fyrir nefndina og er því vísað til stjórnar sambandsins til samþykktar.

Fram kom að viðburðir sem vitað er um á árinu eru eftirtaldir:

- 1) Kynningarfundur um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sveitarfélögin verður haldinn 15. febrúar nk. á Grand Hótel, kl. 13-16.30.
- 2) Málþing um sveitarfélög og loftslagsmál 28. mars kl. 10-16. Drög að dagskrá málþingsins eru í vinnslu. Að málþinginu loknu er stefnt að því að halda stuttan fund með tengiliðum frá sveitarfélögum þar sem rætt verði um aukna samvinnu sveitarfélaga um aðgerðir í loftslagsmálum.
- 3) Hinn árlegi Skipulagsdagur verður væntanlega haldinn að venju í september, en um er að ræða samstarfsverkefni Skipulagsstofnunar og sambandsins.

### 2. Stefnumörkun sambandsins 2018-2022 - 1803024SA

Lögð var fram stefnumörkun sambandsins fyrir yfirstandandi kjörtímabili. Stefnumörkunin er grundvöllur allrar hagsmunagæslu sambandsins fyrir hönd sveitarfélaga. Einnig var lagt fram yfirlit sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs um stöðu helstu verkefna sem unnið er að á vettvangi sambandsins og varða verkswið nefndarinnar, ásamt því að listuð voru upp helstu þingmál og frumvörp sem eru á þingmálaskrá.

### 3. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA

Lagt var fram bréf frá umhverfis- og auðlindaráðherra til Skipulagsstofnunar, dags. 10. júlí 2018, þar sem greint er frá áherslum ráðherra varðandi breytingar á

landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að Landsskipulagsstefna 2015-2026 gildi áfram en að mótuð verði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Að auki er Skipulagsstofnun falið að yfirfara gildandi stefnu um haf- og strandsvæði m.t.t. nýrra laga um skipulag haf- og strandsvæða. Einnig er tekið fram í bréfinu að við mótnun tillagna verði litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vísað sérstaklega til markmiða 11 og 13, um sjálfbærar borgir og verndun jarðar.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar mætti á fund nefndarinnar, kynnti fyrirhugað verklag við mótnun landsskipulagsstefnu og svaraði spurningum fundarmanna. Fram kom að ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu hefur haldið sinn fyrsta fund og er stefnt að því að lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu verði birt til umsagnar í mars. Almennir kynningar- og samráðsfundir verða einnig haldnir í mars. Síðar í ferlinu verða boðaðir fundir um einstaka þætti landsskipulagsstefnu. Einnig kom fram að stefnt er að því að þingsályktunartillaga um þessar viðbætur við gildandi landsskipulagsstefnu verði lögð fram á Alþingi haustið 2020.

*Töluverð umræða varð um málið og hvetur skipulagsmálanefnd sveitarfélög til þess að taka virkan þátt í vinnunni framundan. Einnig var rætt um að þörf væri á að greina hvaða áhrif gildandi landsskipulagsstefna hafi haft á skipulagsáætlanir sveitarfélaga frá því hún tók gildi.*

#### **4. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA**

Lagðar voru fram til kynningar og umræðu tillögur átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Einnig var lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins varðandi svonefnda 5% reglu, sem er ein af tillögum átakshópsins. Stjórn sambandsins fjallaði um tillögurnar og minnisblaðið 25. janúar sl. og var samþykkt svohljóðandi bókun á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir ánægju með framkomnar niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Stjórnin leggur áherslu á að fulltrúar sveitarfélaga taki beinan þátt í mótnun á útfærslum og framfylgd niðurstaðnanna og hvetur til þess að komið verði á markvissu samstarfi stjórnvalda og helstu haghafa um úrbætur í húsnæðismálum á grundvelli niðurstaðna átakshópsins. Lögð er áhersla á að útfærslur verði einfaldar í framkvæmd, að þær falli vel að þeim lagaramma sem sveitarfélögin starfa eftir og að framkvæmd verði ekki of íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

*Við umræðu um málið í skipulagsmálanefnd kom fram sú ábending að niðurstöður átakshópsins sneru að langmestu leyti að húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni hans. Frekari vinnu væri því þörf til þess að efla húsnæðismarkað og samgöngur á landsbyggðinni. Einnig var rætt almennt um að við frekari útfærslu tillagna þyrfti að huga vel að því að markmið um einföldun regluverks megi ekki bitna á gæðum húsnæðis, jafnframt því sem horfa verði til þess að viðhalda sem jafnastri félagslegri blöndun.*

*Um fjöllun um málið verður væntanlega haldið áfram á næsta fundi*

skipulagsmálanefndar.

#### 5. Orkustefna 1. áfangi - óskað umsagnar - 1812032SA

Fulltrúar Sambands Íslenskra sveitarfélaga hafa verið boðaðir á fund með starfshópi um mótun orkustefnu fyrir Ísland. Þess er vænst að tillaga hópsins verði lögð fram til umræðu á Alþingi í byrjun árs 2020. Af því tilefni hefur verið tekið saman erindi til starfshópsins þar sem greint er frá helstu áherslum sambandsins við mótun orkustefnu. Drög að þessu erindi voru til umfjöllunar í stjórn sambandsins 25. janúar. Uppfært eintak, þar sem tekið hefur verið tillit til ábendinga stjórnarmanna, lá til grundvallar umræðu á fundinum.

Við umræðu í nefndinni kom fram almenn ánægja nefndarmanna með erindið en m.a. bent á að á fundi með starfshópi um gerð orkustefnu og í frekari umfjöllun um málið væri tilefni til að fjalla nánar um þróun samgöngumáta í tengslum við orkuskipti í samgöngum.

Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 26. mars kl. 10.30-13.00.

Fundi var slitið kl. 13:15

---

Bárður Guðmundsson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Hrafnkell Á. Proppé

---

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir